

11. Fyrstu berklavarnir á Íslandi
Athugasemd við ummæli í Morgun-
blaðinu 20. maí 1941. Fyrstu heiðurs-
félagar S.I.B.S. Sigurður Magnússon
og frú Kristín Vídalín Jacobsson.
-

1 blað fol. + úrklippa úr Morgun-
blaðinu, 20. maí 1941

"Fyrstu berklavarnir í Litlandi"

Ad öflugra dæmi ástæðna og til hvalkís villandi stadhöfingna mun það,
hvað d. hvern. hefu fyrstu berklavarnir í Litlandi, löngu fyrstu
stærstum til samstöðunnar í því styri, að Heilshallis og Vígilsstöðum
yrði reist, vil ég þessa þess, að það voru ítenskir Odd-Fellvar
í Reykjavík, sem þetta gerdu og áttu frumvordid að því, að Heilsh
hallisfélagid var stofnað, Ráðgjafarfélagið, Hjúskaparfélag Reykjavíkur
Sjálfráttarfélag Reykjavíkur - stofnað 12. Sept. 1909, en átti 1. júlí 1916, eins og
sagnfróðingur minn hefur sagt frá - og Barnsunnar dvalarfélagid (1918) og fl.

T.m.a.

Um fyrstu berklavarnir í Litlandi, en það að segja, að hinn 5. Október
1906 hélt Guðm. Björnsson landkallinn fyrirlöstur, um berklavarkí hér
í landi. Viltu síðan (12. Okt.) var nafnd manna kosin til þess að af-
huga málið, þá gjör til lögrun mun það, og, þó að til almenns fundar mun málið.
"Var sá fundur haldinn í Þámskúli hér í bæ 13. nóvember 1906, ... og var
Heilshallisfélagid stofnað á þeim fundi." Í framkvæmdarstjórn voru
m. a. Kosnir: Kl. Jóhann (form.) Björn Jóhannsson (ritari), og Sjálfvæðingur
son (fóhirdi).

Hd

"Fyrstu gjafir: Heilshallisgjafir 1815 Kr. gafu Odd-Fellvar
nín fjórum samstöfum, og gjördust þessu þessu strax af félagar
í félaginu með 200 Kr. afgjaldi."

Á stofnfundi félagsins lét Einar Hjörtleifsson rithöfundur þess
getid, að dagurinn 13. nóvember 1906 mundi jafnan tjótfjórðungi
verda talinn heidursdagur í sögu ítenskra Odd-Fellvar.

"Var byggt í undirbúningi undir byggingu Vífilsstöðahallisins haustið 1908.
Byggingarfein lagður í vegg 21. maí 1909. En til stæfu fól haldið í byrjun
september 1910." - Vífilsstöðahalli var reist fyrir kostnað Heilshallisfélags-
ins, með styrk frá landi sjáð, til ársbyrjunnar 1916, en frá þó landi sjáður
allan reistur hallinn að sér."

Þannig er saga þessa máls í stuttu máli rétt segd, og er hér m. o. stundit
við þessu að rita frá 1922.

Reykjavík, 21. maí 1941

Jónhalsson

Morgunblaðið 20. maí 1941

4 Sjó grænu niðna, dop. 21. s. m., en sem eigi felaust birt
i Morgunbl. fyrir löngu síðan

Fyrstu heiðursfjelagar S. Í. B. S. Sigurður Magnússon læknir og frú Kristín Vídalín Jacobson

SAMBAND ísl. berklasjúklinga hefir kosið þau próf. Sigurð Magnússon, fyrirv. yfirlækni, og frú Kristínu Vídalín Jacobson, form. Kvenfjeldagsins Hringurinn í Reykjavík, heiðursfjelaga sína, og eru þau fyrstu heiðursfjelagar S. Í. B. S.

Sunnudaginn 11. maí kom miðstjórn S. Í. B. S. á heimili þeirra próf. Sigurðar og frú Kristínar og tilkynnti þeim, að sambandið hefði kjörið þau heiðursfjelaga. Var prófessorinn fyrst heimsóttur. Forseti S. Í. B. S., Andriess Straumland, ávarpaði hann með ræðu og afhenti honum fagurlega skrautritað heiðursskjal. Síðar sama dag mætti miðstjórnin á heimili frú Kristínar V. Jacobson. Var henni afhent samskonar skjal og hafði varaform. S. Í. B. S., dr. Eiríkur Albertsson, þar orð fyrir miðstjórninni.

Prófessor Sigurður Magnússon er löngu þjóðkunnur maður. Hann er einn af aðalfrumherjunum í berklavarnamálunum hér á landi. Þegar Vífilstaðahælið tók til starfa árið 1910, varð hann læknir þess, fyrsti berklalæknir landsins, og um mörg ár sá eini. Stjórnaði hann hælina um 30 ára skeið, með miklum myndarskap og ávann sjer traust og virðingu hinna mörgu sjúklinga sinna. Með lífsstarfi sínu hefir hann markað stefnuna í berklavörnum vorum, og með lardómi sínum og djúptækri reynslu hefir hann bent á þær leiðir í þessum málum, sem nú er haldið inn á. Á herðum braut ryðjandans standa að miklu leyti hinir yngri menn, er halda starfi hans áfram. Og á ókomnum árum mun Sigurð Magnússon bera hátt í flokki þeirra lækna, er bestan orðstír geta sjer fyrir störf sín í þágu berklamálanna.

Prófessor Sigurður Magnússon fagnaði stofnun S. Í. B. S. og hefir með ráðum og dáð viljað vinna að eflingu þess í hvívetna. Áhugi hans á þessum málum er enn jafn vakandi og áður, og er það mikil hamingja sambandsins að eiga slíkan hollvin og ráðgjafa, sem ávalt er boðinn og búinn til að gefa því góð ráð og bendingar.

S. Í. B. S. var því bæði ljúft og skylt að sýna honum fyrstum manna allan þann heiður og þá viðurkenningu, sem það hafði yfir að ráða.

Starf frú Kristínar Vídalín Jacobson hefir verið með öðrum hætti en starf prófessorsins, og er

því væntanlega ekki eins kunnugt öllum þorra manna, en frúin hefir engu að síður unnið glæsilegt afrek á vettvangi berklamálanna. Hún er í raun og veru fyrsti Íslendingurinn, sem hefst handa um framkvæmdir í þágu berklaveikra manna hér á landi. Árið 1906 stofnar hún Kvenfjeldagið Hringinn í Reykjavík í þeim tilgangi að hjálpa berklasjúklingum. Leitaði hún upplýsinga um hina sjúku hjá Guðmundi Björnssyni landlækni. Síðan fór hún sjálf heim á heimili þeirra og kom þeim á sjúkrahús, en fjeldagið greiddi dvalarkostnaðinn.

Þetta eru fyrstu berklavarnirnar á Íslandi. Læknar áttu þar ekki frumkvæðið, heldur kona, sem stofnar fjeldag í þessum tilgangi og vinnur sjálf aðalframkvæmdarstarfið. Og þetta er nokkrum árum áður en Guðmundur Björnsson o. fl. koma á fót fjeldagsskap, sem síðan byggir Vífilstaðahælið.

Alls hefir Kvenfjeldagið Hringurinn varið 40.000 krónum til hjálpar fátækum berklasjúklingum. En framkvæmdir fjeldagsins hafa verið meiri. Árið 1926 reisti það heilsuhælið í Kópavogi og lagði til byggingarinnar 80.000 kr. úr sjóði sínum, en auk þess varð fjeldagið að taka lán til hennar og annara framkvæmda þar. Árið 1939 afhenti fjeldagið hælið ríkisstjórninni sem gjöf til þjóðarinnar, en það skilorð fylgdi gjöfinni, að húsið yrði í framtíðinni notað sem hæli fyrir börn.

Frú Kristín V. Jacobson hefir frá öndverðu og til þessa dags verið formaður fjeldagsins. Hún hefir ávalt verið lífið og krafturinn í öllum gerðum þess og framkvæmdum. Oft hefir hún lagt á tæpastu vaðið, en ávalt tekist að bjóða erfiðleikunum byrginn.

Í öllum afskiptum hennar af berklavarnamálunum um 35 ára skeið hefir blessun fylgt störfum hennar, enda hefir örugg hönd haldið um stjórnvölinn, einbeittur og markviss hugur ráðið stefnunni og varmt hjarta helgað störfinn.

Kristinn Stefánsson.